

AUGLÝSING

um slit á skemmtunum og samkomum.

11

15. jan.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 120 22. des. 1947, um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma, hefur dómsmálaráðherra ákveðið, að skemmtunum, dansleikjum og öðrum samkvæmum, sem fram fara á almennum skemmtistöðum, félagsheimilum eða veitingahúsum, skuli slitið í síðasta lagi klukkan eitt eftir miðnætti.

Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum allt að kr. 10000.00.

Reglur þessar taka gildi 1. febrúar n. k.

Dómsmálaráðuneytið, 15. janúar 1948.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.

AUGLÝSING

um lágmarksverð á nýjum fiski.

12

19. jan.

Samkv. IV. kafla laga nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir, er hér með ákveðið, að frá og með 1. janúar 1948 skuli lágmarksverð á nýjum fiski vera sem hér segir: Þorskur, ýsa, langa og sandkoli:

Slægður með haus	kr. 0.65	hvert kg
Slægður og hausaður	— 0.845	— —
Óslægður	— 0.55	— —
Flattur	— 0.96	— —
Karfi og keila:		
Slægður með haus	— 0.27	— —
Slægður og hausaður	— 0.36	— —
Ufsi:		
Slægður með haus	— 0.34	— —
Slægður og hausaður	— 0.45	— —
Skötubörð:		
Stór	— 0.50	— —
Smá	— 0.35	— —
Steinbitur í nothæfu standi, slægður með haus	— 0.45	— —
Flatfiskur (allur annar en stórkjafta, langlúra, sandkoli og lúða yfir 15 kg)	— 1.60	— —
Stórkjafta og langlúra	— 0.85	— —
Háfur	— 0.20	— —

Ákvæði þessi gilda þar til öðruvísi verður ákveðið.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 19. janúar 1948.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Gunnl. E. Briem.